



1. útgáfa 14.04.2011

Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

1. Vöruheiti - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	SoftAcid Aqua E
Vörunúmer:	A570 6916990
Notkunarvið:	Rotvarnarefni
Framleiðandi:	Borregaard Industries Limited
Söluaðili:	N1 Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000
Sími:	
Netfang:	n1@n1.is
Veffang:	www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

Áhrif á fólk og umhverfi: Veldur ætingu.

3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Inniheldur: Ilmefni inniheldur límonen.

	EB-nr.	CAS-nr.	Styrkur %	Raðnúmer.	H-setningar	Hættuflokkun
Natrium lignósúlfónat	-	8061-51-6	2-20	-	-	-
Ediksýra 80%	200-580-7	64-19-7	80-98	-	H34	C

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Inntaka:	Hreinsið munn vandlega. Framkallið ekki uppköst. Leitið læknis ef erting eða önnur einkenni hverfa ekki skjótt.
Innöndun:	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum.
Snerting við húð:	Ertir húð. Hreinsið strax með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef erting eða önnur einkenni hverfa ekki skjótt.
Snerting við augu:	Getur valið ertingu í augum. Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis ef erting eða önnur einkenni hverfa ekki skjótt.
Helstu einkenni:	
Inntaka:	Ógleði, svimi.
Innöndun:	Getur valdið ertingu í öndunarvegi.
Snerting við húð:	Ertir í húð.
Snerting við augu:	Ertir í augum.

5. Bruni - slökkviaðgerðir

- Almenn viðbrögð:** Fjarlægjð umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða. Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
- Slökkvibúnaður:** Vatn, slökkviduft eða koldíoxíð.
- Sérstakur hlífðarbúnaður:** Notkun fer eftir umfangi eldsvoðans. Mælt er með notkun á hlífðarbúnaði til að hindra snertingu við augu og húð. Forðist innöndun gufu. Notið öndunarbúnað sé reykmyndun veruleg.

6. Efnaleki

- Öryggisráðstafanir:** Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu.
- Ráðstafanir v. umhverfis:** Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.
- Hreinsunaraðferðir:** Notið viðeigandi hlífðarbúnað. Sé um lítið magn að ræða, þurrkið upp með klút eða skolið með vatni. Meira magn má þurrka upp með ísogsefni og koma fyrir í vel merktu fláti með þéttri lokun. Hreinsið mengað svæði vandlega með vatni.

7. Meðhöndlun og geymsla

- Meðhöndlun:** Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun efna. Tryggið góða loftræstingu. Forðist losun út í umhverfið. Forðist innöndun úða. Fjarlægjð mengaðan fatnað strax. Forðist snertingu við húð og augu. Hreinsið húð með miklu vatni og sápu að notkun lokinni. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
- Geymsla:** Geymið í vel luktum og merktum umbúðum úr sýruþolnu efni (HDPE) við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Geymist þar sem börn ná ekki til.

8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

Mengunarmörk:

	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	
Ediksýra 80%	10	25			

- Almennar ráðstafanir:** Tryggið fullnægjandi loftræstingu.
- Persónuhlífar:**
Öndunarfæri: Öndunargrímur/öndunarbúnaður er ekki nauðsynlegur við venjulegar aðstæður, en sé svo notið andlitsgrímu með E (gul) og P2 síum. Sé loftræsting ófullnægjandi, er nauðsynlegt að nota sjálfstæðan öndunarbúnað.
- Húð:** Hreinsið allan mengaðan fatnað fyrir endurnotkun. Hreinsið hendur vandlega eftir vinnu með vörna. Notið hlífðarhanska úr EVOH, PVDC, PTFE.
- Augu:** Notið öryggisgleraugu af viðurkenndri gerð.
- Umhverfi:** Neytið einskis meðan á notkun efnisins stendur. Hreinsið húð svo fljótt sem auðið er. Fjarlægjð mengaðan fatnað svo fljótt sem unnt er. Neytið einskis né reykið í námunda við efnið.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

- Eðlisástand:** Vökvi.
- Lykt:** Einkennandi
- Litur:** Brúnn
- pH:** <1,0
- Eðlismassi við 20°C:** 1,070 g/cm³
- Vatnsleysni:** Leysanlegt í vatni

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

- Stöðugleiki:** Stöðugt við venjulegar aðstæður.
- Efni sem ber að varast:** Hvarfast kröftuglega við peroxíð og saltpétursýru, einnig viss nitröt, klóröt og permanganöt. Í snertingu við málma, myndast vetnisgas, sem getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

Bráð / langvinn eiturhrif:	Langvinn eða endurtekin snerting getur valdið skaða á tannglerungi, lungnabjúg, og aukinni næmingu gagnvart sýkingum í öndunarferum.
Innöndun:	Í háum styrk getur varan valdið ertingu í öndunarvegi. Langvinn og endurtekin innöndun getur valdið lungnabjúg, ætingu í tönnum, og lungnabólgu.
Húð:	Getur valdið næmingu, ertingu eða ætingu á húð.
Augu:	Gufa, úði og slettur í augu, geta valdið etingu, alvarlegum augnskaða og sjóntruflunum.
Inntaka:	Getur valdið alvarlegri ætingu, umtalsverðum verkjum, uppköstum, magaverkjum, losti, nýrnaverkjum. Hætta á varanlegum ætingarskaða í vélinda og maga.
Næming:	Langvinn og endurtekin snerting getur valdið næmingu og ofnæmi.

12. Vistfræðilegar upplýsingar

Visteiturhrif:	Getur haft áhrif á sýrustig. Innihaldsefni eru skaðleg lífríki í vatni.
Uppsöfnun í lífverum:	Uppsöfnun ólíkleg.

13. Förgun

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum um varasöm efni. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

14. Flutningar

ADR

UN Númer	2790
Efnisheiti v. flutninga:	ACETIC ACID SOLUTION
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II
Hættuundirflokkur:	5F
Mengunarhætta:	Já



IATA

UN Númer	2790
Efnisheiti v. flutninga:	ACETIC ACID SOLUTION
Hættuflokkur:	8
Pökkunarflokkur:	II



IMDG

UN Númer	2790
Efnisheiti v. flutninga:	ACETIC ACID SOLUTION
Hættuflokkur:	8
EmS:	-
Pökkunarflokkur:	II



15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerki:



Aetandi

Hættusetningar:	H34	Aetandi
Varnaðarsetningar:	V1	Geymist á læstum stað
	V2	Geymist þar sem börn ná ekki til
	V3	Geymist á köldum stað
	V23	Varist innöndun lofttegundar/reyks/gufu/úða
	V45	Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart; sýnið umbúðamerkingarnar ef unnt er
Inniheldur:	Natríum lignósúlfat (vökvi 2-20%). Ediksýra 80% (80-98%)	

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH) og EB 1907/2006.

16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði:

H34 Ætandi

Útgáfa: 1.
Dags: 14.04.2012

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **Borregaard Industries Limited: Safety Data Sheet**
SoftAcid Aqua E

Útgáfa: 27.03.2006

Kemur í stað: 17.09.2002